



Jafnréttisstofa
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 14. júní 2016
Tilv.: FOR16060056/1.6.8

Efni: Svar við fyrirspurn vegna stofnunar Þjóðhagsráðs

Vísað er til bréfs Jafnréttisstofu frá 9. júní sl. þar sem þess er farið á leit að ráðuneytið geri grein fyrir því hvernig staðið var að tilnefningum og skipan í Þjóðhagsráð og hvort og hvernig skipan ráðsins samrýmist ákvæðum jafnréttislaga.


Þjóðhagsráð er samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem endurskoða skal fyrir árslok 2018 samkvæmt meðfylgjandi samkomulagi um hlutverk og umgjörð ráðsins. Heildarsamtök launafólks sem aðild eiga að rammksamkomulagi vinnumarkaðarins hverju sinni geta gerst aðilar að Þjóðhagsráði. Markmið samstarfsins er að styrkja samhæfingu opinberra fjármála, peningastefnu og ákvarðana á vinnumarkaði og á samstarfið rætur að rekja til kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015 og rammksamkomulags vinnumarkaðar frá hausti 2015.

Forsætisráðherra hvorki skipar né óskar eftir tilnefningum í Þjóðhagsráð. Stjórnvöld hafa einungis með höndum hluta hagstjórnar, einkum ákvarðanir um opinber fjármál, en Þjóðhagsráði er ætlað að vera vettvangur umræðu um samspil ólíkra þátta hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði. Í undirrituðu samkomulagi um ráðið segir að aðilar að Þjóðhagsráði skuli vera forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Seðlabanka Íslands. Í Þjóðhagsráði sitja því aðilar stöðu sinnar vegna, líkt og t.d. í fjármálastöðugleikaráði þar sem fjármála- og efnahagsráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins sitja saman í formlegum samstarfsvettvangi stjórnvalda sbr. 3. gr. laga nr. 66/2014.

Við núverandi aðstæður eru allir forsvarsmenn stofnaðila Þjóðhagsráðs karlar. Gerist fjögur heildarsamtök launafólks aðilar að Þjóðhagsráði yrðu við núverandi stöðu tvær konur í níu manna Þjóðhagsráði. Skiping kynja í Þjóðhagsráði til framtíðar fer síðan eftir því hvaða einstaklingar koma til með að fara fyrir þeim samtökum, stofnunum og ráðuneytum sem aðild eiga að ráðinu. Forsætisráðuneytið er meðvitað um ójafna skiptingu kynja í Þjóðhagsráði, sem til er komin vegna þeirra ástæðna sem að framan eru raktar, og var hún til umfjöllunar á fyrsta fundi ráðsins.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Arnljótsdóttir


Benedikt Arnason